

TOSSA DE MAR & ANNECY



25. ágúst - 4. september 2022
Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir

Sumar 15
Spánn | Frakkland | Sviss

Ferðalýsing

Dásamleg náttúrufegurð og hið ljúfa líf, la dolce vita, er það sem einkennir þessa ferð sem byrjar í höfuðborg Spánar, **Madrid**. Við dveljum lengst af í yndislega bænum **Tossa de Mar** við Costa Brava ströndina á Spáni sem býr yfir merkjum minjum og fornum borgarmúrum í hinum dulúðlega bæjarhluta **Vila Vella**. Héðan förum við í töfrandi skoðunarferðir og ætlum m.a. að eiga skemmtilegan dag í bænum **San Feliu de Guíxols** sem er við snotru víkina Sant Pol. Heimsborgin **Barcelona**, höfuðborg Katalóníu, er með fegurstu borgum álfunnar. Hún er þekkt fyrir byggingar arkitektsins **Gaudí** en glæstar byggingar skreyta borgina hvert sem litið er. Stórbrotin og ólýsanleg fjallafegurð umlykur okkur á leið í **Montserrat klaustrið** sem stendur í 720 m hæð í samnefndum þjóðgarði. Náttúrufegurðin lætur engan ósnortinn á siglingu með Costa Brava ströndina til **Lloret de Mar** sem er einn vinsælasti ferðamannabær svæðisins. Við toppum þessa ljúfu ferð inn á milli frönsku Alpanna í bænum **Annecy** við samnefnt vatn en bærinn er eins og gimsteinn í kórónu fjallanna.

11 dagar | 10 nætur

1 nótt Madrid | 7 nætur Tossa de Mar | 2 nætur Annecy



25. ágúst | Flug til Madrid á Spáni

Brottför frá Keflavík kl. 16:45. Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Madrid kl. 22:55 að staðartíma. Í Madrid verður gist í eina nótt á hóteli í miðborginni.

26. ágúst | Madrid & Tossa de Mar

Við kveðjum Madrid eftir góðan morgunverð og er stefnan sett á miðaldabæinn Tossa de Mar á Costa Brava ströndinni. Hér munum við gista sjö nætur á góðu hóteli í miðbænum. Á hótelinu er útisundlaug, líkamsrækt og heilsulind. Að degi til er einnig opinn veitingastaður við sundlaug hótelsins. Á leiðinni til Tossa de Mar verður stoppað á fallegum stað til að fá sér hádegishressingu.

27. ágúst | Gönguferð í Tossa de Mar & frjáls dagur

Við hefjum daginn á fróðlegri gönguferð um Tossa de Mar og byrjum á litríkum útímakaði rétt við hótelið. Því næst verður gengið upp í elsta hluta bæjarins, klettabæinn Vila Vella, sem umkringdur er borgarmúrum og turnum frá 14. öld. Þaðan gefur að líta stórfallegt útsýni yfir gjörvalla klettaströnd Tossa. Að koma inn í Vila Vella er eins og að ferðast aftur í tímann en enn er búið í nokkrum gömlu húsanna innan virkisveggjanna. Að skoðunarferðinni lokinni gefst hverjum og einum frjáls tími til að kanna umhverfið á eigin vegum. Fyrir áhugasama eru fornar minjar frá rómverskum tímum að finna í nágrenni hótelsins en í bænum eru einnig margar huggulegar, litlar verslanir.



28. ágúst | San Feliu de Guíxols & Tossa de Mar



sem er á milli Sa Felíu og Tossa de Mar.

Skemmtilegur dagur í San Feliu de Guixols bænum sem stendur við snotra vík á Sant pol sandströndinni. Bær þessi er einn sá áhugaverðasti á Costa Brava ströndinni. Þar er jafnan fram yfir hádegi skemmtilegur útimarkaður en mikið líf og fjör einkenna bæinn og auðvitað eru allar búðir opnar daglangt. Eftir ljúfan tíma þar og hádegishressingu verður ekin töfrandi leið til baka eftir Costa Brava þar sem við upplifum ótrúlega náttúrufegurð við klettaströndina

29. ágúst | Heimsborgin Barcelona


Barcelona, höfuðborg Katalóníu, er með fegurstu borgum álfunnar. Hún er þekkt fyrir byggingar arkitektsins Gaudí og glæsilegar byggingar skreyta borgina hvert sem litið er.

Borgin er mjög gömul og saga hennar merkileg en fegurð hennar og gestrisni íbúanna gera dvölina einstaka. Af merktum byggingum má nefna kirkjuna La Sagrada Familia eftir Gaudí og húsin Casa Battló, Casa Milá og garðinn Güell en þessi verk Gaudí eru öll komin á heimsminjaskrá UNESCO. Gotneska hverfinu má ekki gleyma og kirkjunni við hafið sem er dásamleg og margir þekkja úr bók Ildefonso Falcones. Einnig verður tími til að kanna líf bæjabúa og líta inn á líflega kaupmenn borgarinnar.



30. ágúst | Montserrat klaustrið

Í dag heimsækjum við Montserrat klaustrið sem stofnað var á 9. öld, það stendur í 720 m hæð og er staðsett í Monserat fjalli í samnefndum þjóðgarði. Kirkjan er frægust fyrir líkneskið af svartri Maríu mey en það hangir fyrir ofan altarið og er sagt að það boði gæfu að skoða hana og snerta. Útsýnið frá klaustrinu er stórbrotið og fjallasýnin ólýsanleg. Hægt er að fara



með kláf upp á hæsta tindinn, Sant Jeroni, sem er í 1.235 m hæð yfir sjávarmáli. Um hádegisbil gefst færi á að hlýða á tvö lög hjá hinum fræga drengjakór klaustursins, Escolania de Montserrat. Í kórnum eru 50 drengir á aldrinum 9 -14 ára sem syngja þar næstum daglega. Þar er einnig listasafn sem geymir m.a. myndir eftir Picasso, Dalí, Miro og Degas.

31. ágúst | Sigling með Costa Brava ströndinni til Lloret de Mar

Að loknum morgunverði verður farið í siglingu með Costa Brava ströndinni til Lloret de Mar, eins vinsælasta ferðamannabæjarins. Þetta er mjög snotur bær sem gaman er að rölta um. Þar er að finna fallegu kirkjuna Sant Roma frá 16. öld. Einnig er hægt að fara í góða göngu eftir ströndinni að miðaldavirkinu Sant Joan frá 11. öld. Eftir góðan tíma í bænum er siglt til baka. Einnig er þetta verslunarstaður strandarinnar og mikið af skemmtilegum kaffi- og veitingahúsum.



1. september | Frjáls dagur í Tossa de Mar & útimarkaður



Frjáls dagur til að hvíla sig, njóta lífsins, láta dekra við sig á heilsulind hótelsins eða kanna umhverfið í rólegheitum. Í bænum kennir margra grasa menningar- og mannlífs, sem gaman er að kynna sér í rólegheitunum. Fyrir áhugasama er í dag frá kl. 8:00 – 13:00 litríkur útimarkaður rétt við hótelið en einnig er upplagt að nota frábæra aðstöðu hótelsins.

2. september | Tossa de Mar, Avignon & Annecy

Eftir yndislega daga á Spáni, kveðjum við Tossa de Mar og ökum dásamlega leið yfir til Annecy. Annecy er ein elsta borg frönsku Alpanna og er borgin eins og gimsteinninn í kórónu fjallanna sem umlykja hana. Líkt og í Feneyjum einkenna falleg síki þessa glæsilegu borg og gefa henni einstakan blæ. Hér gistum við í tvær nætur á góðu hóteli í miðbænum en þaðan er örstutt í verslanir og að vatninu. Á leiðinni til Annecy verður áð í borg páfans, Avignon í Provence héraði, sem rómuð er fyrir fegurð en þar verður hægt að fá sér hressingu og njóta fegurðar gömlu virkis borgarinnar. Kvöldverður á eigin vegum

3. september | Annecy, perla frönsku Alpanna

Að loknum morgunverði höldum við í gönguferð um Annecy en staðsetning hennar við vatnið og síkin sem renna inn í borgina gera hana að undursamlegum stað. Yfir bænum gnæfir aldagömul höll og mörg húsanna í borginni eru frá 16.-18. öld. Eftir skoðunarferðina gefst okkur frjáls tími til að kanna borgina betur á eigin vegum. Áhugasamir geta farið í heillandi siglingu á Annecy vatni, þar sem náttúran lætur engan ósnortinn. Kvöldverður á eigin vegum



4. september | Heimflug frá Genf

Eftir skemmtilega og ljúfa ferð verður ekið til Genf. Brottför þaðan kl. 14:00 og landing í Keflavík kl. 15:50 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Verð

269.900 á mann í tvíbýli | 71.700 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður á öllum hótélum.
- ✓ Sjö kvöldverðir á hótélum.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Siglingar.
- ✓ Vínsmökkun.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Tveir kvöldverðir í Annecy.
- ✓ Þjóf fé.



Valfrjálst

- ✓ Sigling til Lloret de Mar ca € 24.
- ✓ Kláfur upp á Sant Jeroni fjallið í Monserat ca € 12.
- ✓ Sigling á Annecy vatni ca € 15.

